

FUNDARGERÐ SKÓLANEFNDAR

Fundur haldinn í skólanefnd Höfðaskóla þriðjudaginn 29. júní 2004 klukkan 17:00 í húsnæði Höfðaskóla.

Mætt eru; Adolf H. Berndsen varamaður Gunnars Þórs Gunnarssonar, Birna Sveinsdóttir varamaður Helgu Bergsdóttur, Þórarinn Grétarsson, Ingibergur Guðmundsson skólastjóri, Dagný Rósa Úlfarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Guðbjörg Ólafsdóttir fulltrúi foreldrafélags, Björk Hlöðversdóttir fulltrúi kennara.

Dagskrá fundarins.

1. Kennararáðningar f. næsta skólaár
2. Niðurstöður samræmdra prófa
3. Þróunarverkefni 2003-2004 – skýrsla fylgir með
4. Þróunarverkefni 2004-2005 – skýrsla fylgir með
5. Olweus-verkefnið – gögn fylgja með
6. Danskur farkennari
7. Vorönn – skýrsla skólastjóra
8. Önnur mál

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Skólastjóri fór yfir ráðningamál. Sveitarstjórn hefur samþykkt allar áðurframkomnar tillögur skólanefndar, þ.e. : Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir í 100% starf, Anna Guðlaug Jóhannsdóttir í 100% starf en hún á eftir að fá undanþágu frá ráðherra fyrir aðra kennslu en myndmennt. Þá er samþykkt að ráða Ernu Berglindi Hreinsdóttur í 70% starf, Svandísi Hannesdóttur í 80% starf, Guðrúnu Elsu Helgadóttur í 80% starf og Hjördísi Báru Þorvaldsdóttur í 100% starf. Þær fjórar hafa hlotið staðfestingu frá Undanþágunefnd. Nú liggur fyrir tillaga skólastjóra um að ráða Elvu Dröfn Árnadóttur sem leiðbeinanda í 100% starf, Guðbjörgu Ólafsdóttur sem leiðbeinanda í 70% starf og fastráða Helgu Ólínu Aradóttur sem grunnskólakennari í 100% starf og sem deildarstjóri til þriggja ára. Ástæðan fyrir því að ráða Helgu Ólínu til þriggja ára er að tryggja stöðugleika varðandi sérdeildina. Þá lagði skólastjóri fram bréf frá Einari Kristjáni Pálssyni þar sem hann dregur umsókn sína til baka. Þá liggur fyrir umsókn frá Bergþóru Guðjónsdóttur sem óskar eftir fullu starfi. Skólastjóri leggur til að ekki verði að ráðningu hennar að þessu sinni því engin staða er laus. Skólanefnd samþykkir þessar tillögur fyrir sitt leiti. Einnig voru umræður um kennslu næsta vetur.
2. Farið var yfir niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk. Niðurstaða skólans var ekki nógu góð, hvorki miðað við landið né Norðvesturkjördæmið.
3. Rætt um skýrsluna sem nefndarmenn fengu senda. Menn lýstu ánægju sinni með skýrsluna.

4. Þróunarverkefnið næsta vetur verður um lestur og lesskilning og aðaláherslan verður HJÁ 1.-4. bekk. Fengist hefur einnar milljóna króna styrkur fyrir verkefnið sem unnið er í samvinnu við skólana í Húnaþingi.
5. Olweusarverkefnið kynnt, þetta er metnaðarfullt 2 ára verkefni sem tekur á einelti og andfélagslegri hegðun. Mikilvægt er að kynna verkefnið vel fyrir öllum aðilum. Allir skólarnir í Húnaþingi eru að byrja í verkefninu í haust og hefur sameiginlegur verkefnisstjóri verið ráðinn. Skólanefnd fagnar þessu verkefni.
6. Skólamálastjóra barst bréf frá Kennaraháskólanum um að 2 danskir farkennarar kæmu til landsins næsta skólaár. Stefnt er að því að annar verði hálfan veturinn hér á Norðurlandi vestra. Skólastjórar í Húnaþingi ræddu þetta á fundi og töldu þetta jákvætt verkefni og hann yrði í Húnaþingi í 2 mánuði. Blönduós og Skagaströnd myndu hafa hann í mánuð sameiginlega. Áætlaður kostnaður er um 50-60 þús.kr. á hvern skóla og hefur skólastjóri ritað hreppsnefnd bréf varðandi fjármagn. Ríkið borgar kennslukostnaðinn en sveitarfélög þurfa að skaffa húsnæði og bíl. Skólanefnd lýsir ánægju með þetta verkefni.
7. Skólastjóri lagði fram skýrslu um starfið á vorönn. Þar komu fram þeir viðburðir sem voru á vorönn ásamt sýn skólastjóra á næsta vetur.
8. Þórarinn Grétarsson ræddi um að hann óskaði eftir því að hætta í skólanefnd þar sem hann telji að betra sé að nefndarmenn eigi börn í skólanum og séu þannig í betri tengslum við skólastarfið. Hann þakkaði fyrir samstarfið síðast liðin sex ár og þakkar skólanefnd honum fyrir vel unnin störf.

Fundargerð var skráð í tölvu, lesin upp og samþykkt, prentuð út og undirrituð af fundarmönnum í lok fundarins. Fundi slitið kl. 18:15.

2004-06-29-13

Skólanefnd Höfðahrepps
Fundagerðir

Adolf H. Berndsen

(Sign)

Helga Bergsdóttir

(Sign)

Ingibergur Guðmundsson

(Sign)

Guðbjörg Ólafsdóttir

(Sign)

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

(Sign)

Kristján Steinar Kristjánsson

(Sign)

Pórarinn Grétarsson

(Sign)

Björk Hlöðversdóttir

(Sign)